

Stjórn málaályktun flokksráðs- og formannafundar Sjálfstæðisflokksins 11. október 2008

Sú alþjóðlega fjármálakreppa sem skolið hefur á heimsbyggðinni hefur valdið mikilli eyðileggingu í íslensku efnahagslífi. Samfélagið allt gengur nú í gegnum mikla erfiðleika í kjölfar þessara hamfara og þrjár stærstu bankar þjóðarinnar hafa farið í þrot. Ljóst er að margir missa vinnuna, mörg fyrirtæki lenda í afar erfiðri stöðu og margir eiga um sárt að binda vegna þessara atburða. Sjálfstæðisflokkurinn leggur þunga áherslu á að komið verði til móts við alla þá sem eiga í erfiðleikum og þeim veitt öll sú aðstoð sem unnt er.

Hinar óvenjulegu aðstæður gera það að verkum að óhjákvæmilegt var að grípa til afgerandi aðgerða. Flokksráðs- og formannafundur Sjálfstæðisflokksins lýsir yfir stuðningi við þær aðgerðir sem ríkisstjórnin undir forystu Geirs H. Haarde forsætisráðherra hefur gripið til vegna neyðarástands á fjármálamörkuðum. Með þeim aðgerðum var slegin skjaldborg um innlenda starfsemi bankanna, tryggt að almenningur gæti gengið að hefðbundinni bankaþjónustu og komið í veg fyrir gjaldþrot bankanna í heild sinni sem hefði haft afar alvarlegar afleiðingar fyrir íslensku þjóðina. Einnig ber að fagna yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að bankainnistæður séu að fullu tryggðar.

Þrátt fyrir að þær aðstæður sem skapast hafa leiði til þess að einstaklingar, fyrirtæki og lífeyrissjóðir tapi miklum verðmætum hefði verið óábyrgt og óásættanlegt að gera íslenska skattgreiðendur ábyrga marga áratugi fram í tímann fyrir þeim gríðarlega háu skuldum sem íslenska bankakerfið hefur safnað á undanförunum árum.

Framganga breskra ráðamanna undanfarna daga hefur verið algerlega óviðunandi og óábyrgar yfirlýsingar þeirra og aðgerðir hafa valdið íslensku þjóðinni miklu tjóni. Sjálfstæðisflokkurinn stendur að baki yfirlýsingum forsætisráðherra í þessu máli og fagnar frumkvæði hans til að leiða málið til farsælla lykta.

Afar brýnt er að ríkisstjórnin, sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðarins, Seðlabankinn og þjóðin öll beiti sér af aefli til þess að aðstæður skapist sem fyrst til lækkunar stýrivaxta svo að íslenskt atvinnulíf geti starfað með eðlilegum hætti. Jafnframt er mikilvægt að ná tökum á gengi íslensku krónunnar og styrkja gjaldeyrisvaraforða landsins með öllum tiltækum ráðum. Sjálfstæðisflokkurinn leggur mikla áherslu á að atvinnustig í landinu haldist hátt og að öllum

ráðum verði beitt til að koma í veg fyrir að atvinnuleysi aukist. Brýnt er að farið verði markvisst yfir árangur peningamálastefnunnar undanfarin ár og að regluverk um fjármálamarkaði verði tekið til endurskoðunar og styrkt í ljósi atburða undanfarinna vikna og mánaða.

Þrátt fyrir áföll liðinnar viku eru grunnstoðir íslensks þjóðfélags firnasterkar. Íslenska þjóðin er vel menntuð og rík af mannauði og náttúruauðlindum sem er brýnt að nýta með skynsamlegum hætti. Íslendingar búa við traust velferðarkerfi sem standa ber vörð um hvað sem á dynur. Með öflugar framleiðslugreinar, sterkt menntakerfi, öfluga heilbrigðisþjónustu og nýsköpun að vopni er framtíð íslensku þjóðarinnar afar björt.

Flokksráðs- og formannafundur Sjálfstæðisflokksins þakkar Geir H. Haarde forsætisráðherra frábæra forystu hans og leiðsögn. Fundurinn lýsir eindregnum stuðningi við forsætisráðherra á þessum óvenjulegu og erfiðu tímum.